

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



Dags eftirlits	20.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Valdimar Hermannsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram komu sex frávík við eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl. Frávíkin varða geymslu á umframmagni brotamálms og úrgangs inn á urðunarstað, lélegs ástands á aðkomuhliði og girðingum, uppsöfnun vatns í urðunarhólfum þar sem úrgangur er lagður, skorts á skráningum vegna innra eftirlits ársins 2023, óaðgengilegum upplýsingum um framkvæmd, mælingar og niðurstöðum á umhverfisvöktun og að ekki hafi verið staðið við skil á ársyfirliti innan tilskilins tíma sem fram kemur í starfsleyfi.

Úrbótum vegna eldra frávíks er varðar uppsöfnun vatns í urðuðum úrgangi, hafa ekki borið árangur. Umhverfisstofnun áréttar að sinni rekstraraðili ekki úrbótum vegna frávíka hefur stofnunin heimild til að beita þvingunarúrræðum, sbr. XVII. kafla laga nr. 7/1998 og gr. 1.9 í starfsleyfi rekstraraðila. Þvingunarúrræði fela í sér m.a. áminningu, dagsektir og stjórnvaldssektir.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit. Urðunarstað er heimilt að taka á móti og urða allt að 1.000 t af úrgangi á ári (hámark 10 t á sólahring) sem á uppruna sinn í Vopnafjarðarhreppi eða úr Langesbyggð. Urðunarstað er heimilt að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 eða 20 sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Óheimilt er að urða spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Geymsla brotamálms er heimiluð, svo fremi sem hann inniheldur ekki spilliefni, skal magn þess sem geymt er inn á urðunarstað hverju sinni rúmast fyrir í einum gámi og yfir árið skal magnið ekki fara yfir 26 t. Geymsla úrgangs inn á urðunarstað umfram það er óheimil.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun vegna eldra frávíks úr eftirliti ársins 2020. Varðar frávíkið uppsöfnun vatns í úrgangi inn á urðunarstað. Samkvæmt gr. 3.3 í starfsleyfi ber að sjá til þess að vatn safnist ekki fyrir í úrganginum. Grunnvatnsstaða svæðisins er há Fráveituskurður skal safna sigvatni og öllu yfirborðsvatni frá urðunarstað og verður skurðbotn að ná niður á berggrunn svæðisins svo tryggt sé að ekki safnist vatn á urðunarstaðinn. Í starfsleyfi eru skilyrði fyrir því að hreinsivirki skuli vera til staðar og hreinsa vatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í Skógalóni og sbr. gr. 5.3 skulu sýnatökubrunnar vera staðsettir fyrir ofan og neðan hreinsivirkið. Ekkert hreinsivirki er til staðar á staðnum og hugðist rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi varðandi þessi atriði. Í samskiptum milli Umhverfisstofnunar og rekstraraðila kemur fram að óvíst væri hvort hreinsivirki sem slíkt miðað við staðsetningu skilgreinda í starfsleyfi skili árangri, þarf að endurskoða staðsetningu hreinsivirkis og uppfæra frárennsli út frá núverandi stöðu inn á urðunarstað. Úrbætur miðuðu við að skurðir yrði dýpkaðir í kringum urðunarstaðinn og vegöxl Norðausturvegars yrði breytt sem liggur meðfram urðunarstað, með það markmið að hafa áhrif á stöðu grunnvatns innan urðunarstaðar og ná stjórn á fráveitu. Voru áætluð verklok samkvæmt rekstraraðila í lok sumars 2024. Í eftirlit nú er ljóst að úrbætur hafa ekki borið árangur. Enn safnast fyrir töluvert magn af vatni fyrir í úrganginum. Í kjölfarið á úrbótum sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi en umsóknarferlið er í bið þar sem niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur ekki fyrir. Ber rekstraraðila að senda Skipulagsstofnun matskyldufyrirspurn til athugunar hvort þessar breytingar séu þess eðlis að þær kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Telur eftirlitsaðili

mjög brýnt að klára úrbætur á frárennsli sigvatns og koma af stað hreinsun á sigvatni og að þörf sé að slíkt sé sett í forgang.

Rekstraraðili hefur komið á samtali við nágrannasveitarfélag sitt í Langanesbyggð upp á að sameina verkefni og fá frekara samstarf milli nágrannabyggða upp á lausnir í úrgangsmálum og þ.m.t. verkefni sem snúa að urðunarstaðnum.

Samkvæmt skráningum vegna urðunar ársins 2023, voru urðuð 776,07 t á Búðaröxl. Öll vigtun og skráning á úrgangi fer fram á vog við Vopnafjarðarhöfn. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað í árlegri skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar vegna ársins 2023 sem skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili ber að skila niðurstöðum skráninga og þ.m.t. niðurstöðum vegna vöktunar, sbr. gr. 5.1 og 5.5. í árlegri skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar, samhliða því þarf rekstraraðili að skila upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á mót (gagnagátt Umhverfisstofnunar), sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skilar af sér skráningum vegna úrgangs í gagnagátt þann 25. júlí sl..

Við vettvangsskoðun kom í ljós að töluvert magn brotamálms, ryðgaðra tanka og raftækja eru inn á urðunarstað sem óheimilt er að geyma, þar sem magn þess fer yfir það sem skilgreint er í starfsleyfi. Ástand aðgangshliðs og girðinga getur ekki talist fullnægjandi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 1.2 í starfsleyfi:	Óheimilt er að geyma brotamálm umfram þau skilyrði sem koma fram í starfsleyfi. Töluvert magn er til staðar á urðunarstað af brotamálmi sem er langt umfram það sem rúmast fyrir í einum gámi.
grein 2.1 í starfsleyfi:	Þarf að lagafæra aðkomuhlið að urðunarstað og yfirfara girðingar. Ástand þeirra telst ófullnægjandi.
grein 3.2. í starfsleyfi:	Vatn safnast fyrir í úrganginum. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginum.
grein 5.1 í starfsleyfi:	Skráningar vegna innra eftirlits eru ekki til staðar vegna ársins 2023.
grein 5.2 í starfsleyfi:	Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga voru ekki aðgengilegar við eftirlit.
grein 5.4. í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19 gr. laga nr. 55/2003. Ársyfirliti vegna ársins 2023 var ekki skilað, sem skila ber fyrir 1. maí ár hvert..

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir